

Alþingi
Erindi nr. P 136/829
komudagur 11.2.2009

Jón Sigurðsson

lektor HR

Alþingi Íslendinga
Viðskiptanefnd
R.

11.2.2009

Varðar frumvarp til laga um breyt.á l. um Seðlabanka Íslands (Þskj. 506 - 280. mál)

Frumvarpið felur í sér að seðlabankastjóri verði einn, í staðinn fyrir þriggja manna fjölskipað stjórnvald sem nú er. Í sjálfu sér boðar þessi breyting hvorki bót né skaða.

Athugasemdir við einstakar greinar:

1.gr. - Ekki verður séð skýr ástæða til þess að færa frumkvæði um starfsreglur um varðveislu gjaldeyrisvarasjóðs frá bankastjóra og/eða peningastefnunefnd til bankaráðs. Oft hefur verið rætt að endurskoða skuli hlutverk bankaráðsins yfirleitt og tengja það miklu meira en verið hefur peningamálastjórninni, en slíkt er ekki gert í þessu frumvarpi. Virðist þessi breyting ekki tengjast neinum slíkum hugmyndum. Miðað við efni frumvarpsins virðist eðlilegara að fela peningastefnunefnd frumkvæði í þessu efni.

2.gr. - Varhugavert verður að telja að peningastefnunefnd taki allar ákvarðanir um öll stjórnþæki bankans í peningamálum. Fyrir kemur að stjórnþæki verður að beita fyrirvaralaust, eða framfylgja stefnu með tafarlausum aðgerðum. Gera verður ráð fyrir að seðlabankastjóri hafi slíkt umboð. Því er skynsamlegt að kveða á um þetta, t.d.: „Seðlabankastjóri hefur umboð til að beita stjórnþækjum bankans þegar þörf krefur en fyrirvari er ekki fyrir hendi eða hagsmunir krefjast tafarlausra aðgerða, en skal þá afla samþykkis peningastefnunefndar hið allra fyrsta á eftir.“

3.gr. - Ekki er skynsamlegt að skylda til auglýsingar. Slík auglýsing er venjulega aðeins óþægindi og niðurlæging fyrir flesta umsækjendur þar eð langoftast verður það svo að veitingarvaldið hefur þegar tekið ákvörðun sína um val þegar auglýst er. Margar þjóðir hafa ekki skyldu til auglýsingar um slík störf.

3.gr. - Um hæfisforsendur seðlabankastjóra er skynsamlegt og málefnalegt að leggja þyngstu áherslu á reynslu og reynsluþekkingu og hafa þá þætti framar en kröfur um formlega menntun. Það styðst ekki við reynslu þjóðanna að hæfi miðist einvörðungu við hagfræði enda þótt miðlæg staða hagfræðinnar sé ótvíræð í þessu viðfangsefni. Til greina koma önnur fagsvið peningamála og fjármálafræða, svo sem fjármála- og viðskiptalögfræði, fjármálaverkfræði, fjármálastærðfræði, tölfræði við hagrannsóknir, rekstrarhagfræði, viðskiptafræði, og fleiri sambærileg svið má nefna. Ýmislegt í starfi seðlabankastjóra vísar til annarra fagsviða félagsvísinda, einkum margþætt samskipti og opinbert málsvar. Því er málefnalegt og skynsamlegt að hafa hér, t.d.: „Seðlabankastjóri skal búa yfir viðtækri reynslu og þekkingu í peningamálum, fjármálum og bankastarfsemi og hafa lokið lokaprófi í hagfræði eða á sviði peninga- og fjármála eða sambærilegu námi, frá viðurkenndum háskóla.“

3.gr. - Það verður að teljast ákaflega óheppilegt að gera ekki ráð fyrir fullstarfandi aðstoðarseðlabankastjóra. Þetta verður að teljast mistök í undirbúningi frumvarpsins. Eindregið er lagt til að þetta verði lagað, með tilvísun til veruleikans í starfsemi Seðlabanka Íslands.

4.gr.1.mgr. - Skynsamlegt er að seðlabankastjóri geti haft umboð til athafna umfram það sem ofar greinir. Því er æskilegt að við bætist hér, t.d.: „Peningastefnunefnd getur veitt seðlabankastjóra umboð til að beita stjórnþækjum bankans samkvæmt sérstakri ákvörðun um það.“

4.gr. 1.mgr. - Vafasamt er að hafa lokað orðalag og endanlega upptalningu hér um stjórnþæki í peningamálum. Því er nauðsynlegt að bæta við orðunum, t.d.: „... og aðrar sambærilegar ákvarðanir.“

4.gr. 2.mgr. - Vegna eðlilegs og nauðsynlegs boðvalds seðlabankastjóra á vettvangi Seðlabanka Íslands er óheppilegt að meginregla sé að yfirmenn í bankanum, undir boðvaldi hans, séu nefndarmenn í peningastefnunefnd. Slíkir starfsmenn verða hvort eð er aðstoðarmenn nefndarinnar. Skynsamlegara er að hér segi, t.d.: „Í peningastefnunefnd sitja seðlabankastjóri og fjórir nefndarmenn sem forsætisráðherra skipar. Nefndarmenn skulu uppfylla sömu hæfisskilyrði og seðlabankastjóri.“

4.gr. 2.mgr. - Óeðlilegt er að skipunartími peningastefnunefndar sé aðeins þrjú ár. Slíkt veikir sjálfstæði nefndarinnar og eykur að mun íhlutunarvald pólitískra stjórnvalda. Miklu eðlilegara er að skipunartími sé lengri en skipunartími seðlabankastjóra, eða átta ár. Þá hentar að fyrsta sinni verði nefndarmenn að hluta skipaðir til fjögurra ára og að hluta til átta ára. Því er skynsamlegt að hér segi, t.d.: „Nefndarmenn skulu skipaðir til átta ára og er heimilt að endurskipa mann einu sinni.“ Þá þarf og bráðabirgðaákvæði, t.d.: „Þeir fjórir nefndarmenn sem skipaðir verða í fyrstu skulu tveir skipaðir til fjögurra ára og tveir til átta ára.“

4.gr. - Hér þarf að koma aftan við sérstök 3.mgr., t.d.: „Nefndarmenn í peningastefnunefnd eru óháðir og sjálfstæðir í störfum, umræðum og ákvörðunum nefndarinnar. Starfsmenn Seðlabanka Íslands, sem skipaðir kunna að verða í peningastefnunefnd, eru á sama hátt óháðir boðvaldi seðlabankastjóra í störfum sínum í nefndinni. Nefndarmönnum er óheimilt að ræða opinberlega um málefni sem nefndin hefur til umfjöllunar meðan opinber greinargerð nefndarinnar um mál hefur ekki verið birt. Skytt er seðlabankastjóra og Seðlabanka Íslands að veita nefndarmönnum í peningastefnunefnd allar nauðsynlegar upplýsingar sem þeir óska eftir vegna viðfangsefna og ákvarðana nefndarinnar.“

4.gr. - Einn meginvandinn sem fylgir peningastefnunefnd er sá að störfin virðast vaxa og áður en varir sitja menn uppi með fjóra viðbótar-starfsmenn með fullan vinnutíma eða því sem næst og þeir munu reynast hafa tök á að tryggja sér þokkaleg laun, en enginn hefur boðvald til að nýta þá fyrir stofnunina umfram það sem þeim sjálfum þóknast. Því er skynsamlegt að kveða á um umfang starfs hvers og eins þegar við skipun í nefndina og æskilegt að hafa um þetta ákvæði í lögnum.

Ofarritað er hripað í flýti eftir að ég fékk tilmæli um að koma á fund viðskiptanefndar.

Virðingarfyllt

Jón Sigurðsson